



Meir en eitt ár er nú. liðið síðan síðasta hefti CQ-TF sá dagsins ljós, en eins og félagsmenn muna, kom síðasta heftið út í ágúst 1967. Ýmsar hugmyndir hafa verið á lofti um það, hvernig þetta blað okkar ætti að gera úr garði, en þær hafa ávalt strandað á þeirri staðreynd, að menn eru tregir að senda blaðinu efni, enda er að finna nægan fróðleik og tæknilegar upplýsingar í QST, CQ og öðrum áþekktum tímaritum erlendum, sem gagnlaust er fyrir okkur að reyna að líkja eftir.

En þið spyrjið þá væntanlega, hvað á þá hlutverk GQ-TF að vera? Jú, CQ-TF á fyrst og fremst að vera tengiliður milli stjórnar og með-lima, sérstaklega þeirra, sem ekki hafa getað sótt fundi og fylgst með gangi mála, - það á að flytja félagsmönnum fréttir af því, sem er að gerast á erlendum vettvangi og varðar Ísland sérstaklega, en síðan má auka við og krydda með greinum og ýmsum fróðleik, sem félagsmenn vilja koma á framfæri.

Rit það, sem nú kemur út, verður vonandi ekki fyrsta og síðasta ritið í tíð núverandi stjórnar, og þótt því sé fyrst og fremst ætlað að flytja fréttir af starfi félagsins, verður tekið fegins hendi við efni frá félagsmönnum.

TP3PI

- - o o O o o - -

#### Fréttir af framhaldsaðalfundi 31.8.67

Framhaldsaðalfundur var haldinn að Fríkirkjuvegi 11, kl. 21.00 fimmtudaginn 31. ágúst 1967 og var aðal mál fundarins laga-breyting, en tillaga og uppkast stjórnarinnar að nýjum lögum fyrir félagið fylgdi síðasta blaði, sem um leið var fundarboð. Tillaga stjórnarinnar var samþykkt, og féllu þar með úr gildi eldri lög.

Helztu breytingar voru þær, að nú skal boða til aðalfundar síðari hluta janúarmánaðar ár hvert, en ekki í október, eins og eldri lög mæltu fyrir. Einnig er í nýju lögunum gert ráð fyrir varaformanni, en að öðru leyti óbreytt ákvæði um stjórn félagsins. Þó hafa þau ný-mæli verið tekin upp, að í forföllum formanns geta tveir stjórnarmeð-limir boðað til stjórnarfundar, ef þurfa þykir. Samkvæmt nýju lögunum

skal miða fjárhagsárið við 31. desember, en ekki 31. ágúst, eins og áður var gert ráð fyrir. Ekki er í lögunum getið um ákveðna upphæð félagsgjalda, heldur skal hún ákveðin af aðalfundi.

Á fundinum voru mættir nokkrir varnaliðsmenn af Keflavíkurflugvelli, og hafði George Howser, TF2WKI, orð fyrir þeim. Þeir buðu félags-mönnum í kynnisför suðureftir, og verður sagt frá henni í næsta riti.

—ooOoo—

#### Refaveiðar 10. september 1967.

Í síðasta riti var boðað til refaveiða með miðpúnti í Vífilsstaðavatni og sjö km. radius. Vegna veðurs varð að breyta áætlun, og var refurinn falinn í Nauthólsvík. Þátttakendur voru fáir, en sigurvegari varð TF30M. Hér á eftir segir TF3HS nánar frá gangi refaveiðanna.

—ooOoo—

#### Almennur félagsfundur 16. nóvember 1967.

Almennur félagsfundur var haldinn 16. nóvember í Aðalstræti 12, og mættu margir félagsmenn og aðrir áhugasamir verðandi félagsmenn, enda var boðað til fundarins í dagblöðum bæjarins. Birgir Baldursson flutti erindi um hálfleiðara og sýndi jafn framt skuggamyndir. Fundar-mönnum þótti skorta á skipulag og undirbúning fundarins.

—ooOoo—

#### Aðalfundur 28. janúar 1968

Aðalfundur félagsins var haldinn að Café Höll 28. janúar 1968, Hallgrímur Steinarsson var kosinn fundarstjóri. Formaður gaf skýrslu um starfið á tímabilinu október 1966 til janúar 1968. Gjaldkeri lagði fram reikninga fyrir tímabilið, og voru þeir samþykktir at-hugasemdalaust

Stjórnarkosning. Eftirfarandi félagar voru kosnir í stjórn félagsins, en á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfundinn skiptu þeir með sér verkum, sem hér segir: Garðar Gíslason, TF3IC, kosinn formaður með sérstakri atkvæðagreiðslu á aðalfundi, Jón Þ. Jónsson, TF3JA, vara-formaður, Jón Sigurðsson, TP3JS, ritari, - Marteinn Sverrisson, TP3MA, gjaldkeri, - Páll Gröndal, TF3PI, ritstjóri, - Ágúst Sigurðsson, TF3AU, spjaldskrárritari, - Ólafur P. Jakobsson, TF3OJ, meðstjórnandi. Endurskoðendur voru kosnir þeir Carl J. Eiríksson, TF3CJ, og Jóhannes Jóhannesson, TF3JJ, og til vara Gunnar Arthúrsson.

Önnur mál voru rædd á fundinum og komu meðal annars fram tillögur um að halda "Field Day", sem síðan varð að veruleika nú í haust, og mun verða sagt nánar frá því í næsta riti. Einnig var rætt um hið óvinsæla "krónu-gjald" á QSL kortunum, og eru félagsmenn ekki allir á einu máli þar. Einnig var bent á nauðsyn þess að hafa nám-skeið í "theoríu" fyrir verðandi leyfishafa.

—ooOoo—

Fræðslufundur 24. febrúar 1968.

Efnt var til fræðslufundar laugardaginn 24. febrúar að Fríkirkjuvegi 11. Það flutti Ríkharður Sumarliðason mjög fróðlegt erindi um talstöðvar, sem Landssími Íslands hefur haft í smíðum undanfarin ár. Ríkharður hafði meðferðis tæki, sem hann skírði út. Á eftir sýndi hann kvikmynd um katóðugeislalampann. Í heild var fundurinn hinn fróðlegasti.

- - o o O o o - -

Fræðslufundur í apríl 1968.

Jóhannes Hallvarðsson flutti fyrirlestur um VHF sendi- og móttökutækni að Fríkirkjuvegi 11 í apríl, og sýndi um. leið talstöðvar fyrir bifreiðar. Fyrirlesturinn var vel og skilmerkilega fluttur og vakti almennan áhuga.

- - o o O o o - -

Theoríu-námskeið.

Í júlí mánuði í sumar voru haldin 3 námskeið í transistortækni, sem Vilhjálmur Þ. Kjartansson, TF3DX, stóð að. Námskeiðin sóttu milli 10 og 15 félagar, og þóttu þau hin fróðlegustu.

- - o o O o o - -

Kynningarfundur.

Laugardaginn 9, nóvember var haldinn almennur kynningarfundur í húsi Slysavarnarfélagssins á Grandagarði. Þar fluttu erindi Páll Gröndal, er rakti sögu félagsins frá byrjun, Jón Þ. Jónsson, sem gaf svör við spurningunni: "Hvernig verð ég radíamatör?" og skýrði frá prófkröfum, og Hallgrímur Steinarsson, en hann lýsti viðskiptum amatöra sín á milli. Fundarstjóri var Jón Sigurðsson. Fundurinn var mjög fjölmennur, og var sérstaklega ánægjulegt að sjá nokkra eldri áhugamenn. Nokkrir nýir félagar bættust í hópinn og 17 skrifuðu sig á mors-námskeið, sem er að hefjast. Eins og oft áður var starfrækt amatörsendistöð, en skilyrði voru mjög slæm.

- - o o O o o - -

Samkvæmt upplýsingum frá QSL-manager, TP3HS, teljast eftirfarandi innlendir amatörar aktívir:

Ágúst H. Bjarnason	TF30M	Ívar Þórarinsson	TF3BV
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Jóhannes Jóhannessen	TF3JJ
Ásgeir Pétursson	TF3AP	Jón Þ. Jónsson	TF3JA
Birgir Baldursson	TF3BB	Kristþór B. Helgason	TF3TP
Birgir Thomsen	TP3BT	Marteinn Sverrisson	TF3MA
Einar Pálsson	TF3EA	Ólafur Jakobsson	TF30J
Garðar Gíslason	TF3IC	Páll Gröndal	TF3PI
Hallgrímur Steinarsson	TF3HS	Þórhallur Pálsson	TF5TP

- - o o O o o - -

MORSENÁMSKEIÐ 1967 - 68

Að vanda var haldið morsenámskeið á vegum félagsins síðastliðinn vetur. Hófst það í nóvembermánuði og stóð fram í marz. Þátttaka var góð til að byrja með, t.d. mættu um 10 manns í fyrstu tímana, en það fór, sem fyrr að flestir heltust úr lestinni og aðeins þrír luku morseprofi um vorið.

Sá háttur var á hafður við kennsluna, að einn tími var í viku að Fríkirkjuvegi 11, en sent út á 3505 khz. Þrjá aðra daga um TF3IRA, hálf tíma í senn. Jafnframt var tekin upp sú nýjung að kenna stafina á á fullum hraða, þ.e. 60 mín., en bil haft á milli þeirra. Var þetta gert til þess að menn lærðu stafina, sem hljóðmerki en ekki sem strík og punkta. Tókst allt þetta að vonum, en þó kom fyrir að QRM var það mikið á 3505 að sumir misstu af útsendingum og er erfitt að ráða bót á því, nema e.t.v. að hafa útsendingarnar á 2m. hihi

Í heild tókst námskeiðið vel og ber að þakka þeim '3AU og '3HS fyrir ómetanlega aðstoð við framkvæmd og undirbúning þess. Að lokum vil ég árna hinum nýbökðu amatörum '3BB fg '30J allra heilla.

73 es gud luck  
de tf3ma

- - o o O o o - -

REFAVEIDAR.

Eitt af þeim atriðum, sem stjórn IRA hefur reynt til að glæða áhuga og til að fá menn til að vera með, eru svokallaðar refaveiðar.

Þetta er ekki eingöngu skemmtun fyrir þá sem hafa amatörpróf, heldur fyrir alla félagsmenn, tækin þurfa ekki heldur að vera margbrotin, aðalatriði er að sem flestir reyni að finna refinn, og að menn njóti sameiginlegrar skemmtunar, það eykur kynningu félagsmanna og þéttir hópinn.

Ég hefi tekið þátt í þremur refaveiðum síðustu tvö ár, og haft af því mikla ánægju, þátttakan hefði mátt vera meiri, en skemmtunin er góð, og spenningur samfara þessum veiðum.

Ég ætla hér að lýsa stuttlega síðustu refaveiði, frá eigin sjónarhóli, ef það mætti verða til þess að fleiri fengju áhuga og tækju þátt í þessu gamni. Veiðarnar voru haldnar hér í Reykjavík í september 1967. Refurinn (TF3JA) hafði ætlað að láta leita að sér í kringum Vífilsstaði, en eftir að hafa frestað þessu tvisvar vegna veðurs, var ákveðið að halda bær hér í Reykjavík, og þetta tókst ágætlega.

Við vorum tveir saman á bíl, TF3IC og ég, veiðitækin voru heldur bágborin, ég hafði transistorviðtæki með ferrit og sense loftneti, en Garðar hafði converter með ferrit og sense loftneti og ætlaði að nota lítið transistorviðtæki við hann, og með þetta var haldið af stað.

Við völdum okkur opið svæði við Háskólann til þess að fá fyrstu miðun, og brátt hljómaði rödd refsins, er hann tilkynnti refaveiðar IRA, og síðan sendi hann út stöðugan tón.

Ég náði strax góðri miðun, sem við færðum út á kort, sem við höfðum meðferðis, Garðar lenti í vandræðum með sín tæki, en það lagaðist, þegar hann hafði tengt converterinn við viðtækið í bílnum, en síðan var ekið í loftinu upp að Landsspítala, og það náðum við báðir í miðun í annari sendingu refsins, og höfðum þá krossmiðun á kortinu að fara eftir.

Nú var ekið út á flugvöll, en okkur taldist til að refurinn atti að vara staðsettur við eða nálægt enda flugbrautarinnar við Nauthólsvík.

Ekki höfðum við langt ekið, þegar TF3MA geystist fram úr okkur, hann hafði sýnilega fengið svipaða miðun og við, en kálið er ekki sopið þó í ausuna sé komið.

Þetta ætlaði að ganga illa, nú var merkið frá refnum orðið svo sterkt, að illa gekk að miða nákvæmlega, og ekki bætti heldur um, þegar refurinn kom inn næst, hann hló, og hló mikið að okkur. Ég býzt við að Jón Þ. hafi skemmt sér vel þá, en þetta fór allt vel að lokum, refurinn fannst vel falinn í kofaræksni og alllangt loftnet, sem hann hafði strengt út féll svo vel inn í umhverfið að það sást alls ekki, en sigurvegari að þessu sinni var TF30M.

Og allir voru ánægðir, þegar haldið var heim á leið, og það er vonandi að fleiri mæti til þátttöku næst.

Ef menn hafa ekki tæki til þessara veiða, þá var teikning í síðasta blaði CQ-TF, sem hægt er að fara eftir og létt er að setja saman, það er ekki aðalatriðið að sigra, heldur að vera með.

73 de TF 3 HS

- - oo 0 o o - -

TF3IC er nú fluttur frá Reykjavík, til Stykkishólms, þar sem hann dundar við tennur Hólmara og nærsveitunga.

Áður en Garðar fór, afhenti hann mér lítið og mjög gamalt Philips viðtæki, sem hann kvaðst vilja gefa IRA sem fyrsta vísir að minjasafni. Ég mun afhenda stjórn IRA tækið við fyrstu hentugleika,

P.S. Ef einhverjir félagsmenn eiga í fórum sínum gamla gripi af þessu tagi, eru þeir vel þegnir.

TF 3 HS

- - o o 0 o o - -

Spenna og tíðni á orkukerfi á ýmsum stöðum í heiminum.

Mörg lönd nota 50 riða spennu, en í U. S. A. er notuð 60 riða spenna.

Malta notar 100 rið, Panama lýðveldið 25 rið. Gibraltar notar undarlega tölu, eða 76 rið.

Algengast er að spennan sé 110 eða 220 volt. Lægsta riðstraumsspenna er 100 volt, og er enn notuð í Japan.

TF 3 IC

1 4 4 M c = 2 M

Flestir vita, að ekki er talið öruggt að hafa viðskipti á VHF, nema þar sem sjónlína er milli stöðvanna, þ.e. loftnetanna. Þetta er þó alls ekki einnhlítt, því hægt er að nafa sambönd lengra en sjónlína nær, með því að notast við brot eða endurvarp á radióbylgjunum. Þannig notar Landssíminn "hnífseggjaráhrifin", við að beina geisla fjölsímans til Vestmannaeyja og til Stykkishólms, þetta er okkur amatörum kunnugt m.a. eftir fræðsluþátt, er félagið gekkst fyrir á árinu og fjallaði um VHF. Jóhann Hallvarðsson flutti þar greinagott erindi um margt er að VHF laut. Varðandi þetta þótti sýnt, að við gætum notað 2 metrana til að tala saman frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, en þangað er ég nýfluttur. Engum datt þó í hug hve einfalt og öruggt þetta átti eftir að reynast.

Upphafið var á þá leið, að ég, TF3IC, skildi aka með 2ja metra tranceiverinn minn, (KNIGHT KIT TR-108), upp í Kerlingarskarð, en þaðan átti að vera sem næst sjónlína til Reykjavíkur. Þetta var sunnudaginn 22. september 1968. Matti, TF3MA og ég ætluðum sem sagt að reyna að hafa QSO á 144 Mc þennan dag. Okkur til aðstoðar notuðum við einnig 80 metrana við þessa tilraun.

Jæja, klukkan þrjú var gert ráð fyrir að ég yrði kominn upp í skarðið, en að vanda varð ég eitthvað síðbúinn, og klukkan varð þrjú og ég hamaðist við að reyna að lóða Swaninn minn út í whip-ið á jeppanum, en gekk mjög illa, - ég hoppaði upp og niður af jeppanum, en loftnetið var fest á toppgrindina, stytta og lengdi spóluna, en virtist aldrei finna resónans, og að lokum sat ég með allt dótið upp á toppgrindinni og gat þá teygt mig í spóluna (.hi!)

Það var sama, ekki fékkst þetta þó gott, en ég heyrði Matta koma þrumandi inn á 80. Ég gat lóðað það mikið út, að Matti heyrði mig vel, og ég sagði honum, að ég væri til með að reyna 2 m. eftir stutta stund. Ég flýtti mér með dótið inn í jeppann og ók sem ég komst út úr þorpinu og hugðist upp í skarðið, en sem ég ek út um þorpsmörkin, lít ég sem snöggvast sjónvarpsendurvarpsstöðina, og segi við sjálfan mig, "hér ná þeir merki, því getum við það ekki líka?" Ég stanzaði því á næsta hentugum stað, ca. 5 km utan þorpsins, og sagði Matta, sem hlustaði á 80 m, að nú ætlaði ég að kalla á hann á 144 Mc. 2 m loftnetið mitt var groundplane, sem fest var með einangrunarbandi upp á útvarpsloftnet jeppans. Sendirinn gefur 1,5 W RF út í þetta net. Matti hlustar og segir, að hann heyri þetta. Hann notaði "beam" loftnet, svo ég hallaði mínu loftneti um 90°, til að merkin frá okkur hefðu sömu pólariseringu, og las hann mig þá mikið betur. Samt sem áður las ég hann alls ekki. Þetta varð því duplex á 2 m og 80 m. Einar, TF3EA, hlustaði einnig og kallaði, en við náðum ekki saman á 2 m. Þannig höfðum við mjög skemmtilegt QSO um stund, þar til ég þurfti að snúa heim aftur, en bá setti ég burðarbylgjuna á og ók heim á leið, stanzaði af og til og talaði við Matta á 80, en hann heyrði mig alltaf, en sagði að það væri "faiding" á merkinu, þegar ég æki. Þegar heim kom, tók ég 2ja metra tækið inn ásamt Swaninum (,Swan-240) og kallaði í Matta á 80. Hann svaraði strax og sagðist hafa heyrt merkið frá mér allan tíman, þangað til er ég slökkti og tók tækin inn.

Ég var alveg undrandi. Meira að segja hérna heima við húsið, og allt fullt af rafmagnsloftlínum hér í kring. Ég hljóp út og tók 2ja m. "ground-planið" niður og fór með það inn, tengdi það við sendinn og kallaði í Matta. Og hvað haldið þið, þarna sem ég stend með "ground-planið" inni á 1. hæð í steinhúsi, ca. 100 km. í burtu frá Matta, þá segist hann lesa mig. Nei, þetta var nú ótrúlegt. En sama er hvernig

Ég hlusta, aldrei heyri ég Matta. Sem sagt munurinn er sá, að hann notar beam, en ég bara 1/4 öldulengdar loftnet. Hann heyrir, en ég ekki. Ég reyni að lyfta netinu upp á hárrí stöng, en það hefur lítil áhrif hjá Matta, og engin upp á móttöku að gera hjá mér. Þá er það ákveðið, að ég verði að gera mér beam, og reyna að heyra Matta þannig. Við erum vanir að tala saman á fimmtudögum kl. 20.50 svo ég vonast til að vera kominn með beam næsta fimmtudag.

Svo kemur fimmtudagur og ég hafði haft mikið að gera og ekkert loftnet smíðað. Samt var ég með hugmynd í kollinum úr loftnetabók, sem ég hafði eignast fyrir skemmstu. Ég mæti nokkuð á réttum tíma að tala við strákana á 80m, og segi Matta, að ég hafi hérna smá verkefni að vinna, hvort hann geti beðið á meðan. Já, já, allt í lagi, ég gefi bara kall, þegar allt sé klárt. Þá ræðst ég með sög á FM loftnet (fyrir ca. 100 Mc) og saga það niður eftir kúnstarinnar reglum, og staðset rárnar eins og vera ber eftir forskriftinni. Og þarna er ég með 3ja elementa beam á 144 Mc, búið til á ca. 50 mínútum. Þannig var það svo, að ég stóð við gluggann með þetta loftnet í hendinni og heyrði merkið frá Matta í fyrsta sinn. Hvílik undrun, og þá: "augnablik Matti!" og í snatri festi ég tveim rám enn á beamið, og hvílikur munur. Rapportíð er alltaf hjá okkur vel sterkt merki og auðvitað læsileiki góður.

Síðan þetta gerðist, tölum við yfirleitt saman hvert einasta kvöld kl. 19.45 20.00. Það er því orðið aktivitet á 2 metrunum hi. Beamið festi ég upp á stöng úti í garði, og fæ þannig örlítið meiri styrk, en þegar það var inni hjá mér í "shackinu".

Þetta er með skemmtilegustu tilraunum, sem ég hefi gert í amatörstarfinu, og sér í lagi þar sem orkan frá sendinum er aðeins nóg til að kveikja á vasaljósaperu.

Svo ef bú vilt verða undrandi, þá snúðu beaminu þínu til mín og hlustaðu á okkur Matta tala saman eitthvað kvöldið. Ég hefi þegar talað við tvo, TF3MA og TF3AP, og ég er ólmur í að hafa samband við fleiri hér á 144Mc.

Ég á þrjá krystalla, sem ég nota á 144

8003 Kc x 18 = 144.056 Mc

6002 Kc x 24 = 144.048 Mc

8055 Kc x 18 = 144.990 Mc

Sjáumst á 2 metrum 73  
de TF3IC

- - o o O o o - -

I A R U REGION 1 Tilmæli um  
2metra tíðninotkun.

144.000 - 144.150 Mhz = aðeins CW þó SSB, þegar gerfitungl og belgir eru á lofti.  
144.150 - 145.850 Mhz = CW AM SSB FM MCW  
145.850 - 145.950 Mhz = gerfitungl og belgir  
145.950 - 146.000 Mhz = ætlað vitasendum